

hann hafi engar tekjur haft þann tíma, sem viðgerðin tók, enda ekki verið vinnufær fyrstu vikurnar eftir slysið vegna meiðsla, er hann hafi hlotið þá. Skýrir hann og þannig frá, að þótt viðgerðin hafi staðið yfir nærri tvo mánuði, krefjist hann nú einungis bóta fyrir 24 daga vinnutjón, vegna þess að hann hafi í samningaumleitunum sínum við hernaðaryfirvöldin látið þá kröfu nægja til samkomulags.

Það verður að telja, að miðað við vinnustundafjölda viðgerðarinnar og annað það, er máli skiptir í þessu sambandi, sé daga-fjöldi sá, sem bóta er krafist fyrir, sanngjarn. Með hliðsjón af því svo og því, sem upp hefur komið um atvinnumöguleika bifreiðar af þessari gerð, þykja bætur stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2500.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 14570.93 + kr. 2500.00, eða samtals kr. 17070.93, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 3. júní s. l., svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Kristjáni Þorgrímssyni, kr. 17070.93, með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1944 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. október 1945.

Kærumálið nr. 10/1945. Højgaard & Schultz A/S
gegn

h/f Fiski og Ís

Synjun framhaldsfrests í máli.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 25. sept. þ. á., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 25. sept. s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur eða greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann áfrýi úrskurðin-

um í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari hefur neitað honum um.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 350.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Højgaard & Schultz A/S, greiði varnaraðilja, h/f Fiski og Ís, kr. 350.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1945.

Mál þetta hefur h.f. Fiskur & Ís í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. júlí 1944, gegn Højgaard & Schultz A/S, Miðstræti 12 hér í bænum. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til þess, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að afhenda honum 300 m³ af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða því kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að fráðregnum kr. 6000.00. *Til vara* krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 56000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest 6. september 1944, og hófst sameiginlegur frestur aðilja til gagnaöflunar 11. október s. á. Umboðsmenn aðilja töldu henni lokið 10. janúar 1945. Málið var tekið upp til frekari gagnaöflunar, og skyldi henni loks lokið hinn 20. þ. m. Er málið kom fyrir á bæjarþingi þann dag, fór umboðsmaður stefnda fram á, að veittur yrði 4 vikna framhaldsfrestur í þessu skyni. Voru rök hans fyrir frestbeiðninni þau, að maður sá, er undirritað hefur vottorðið á dskj. nr. 24, væri enn bundinn við vinnu við hafnargerð á Húsavík, en hins vegar væntanlegur til Reykjavíkur um eða eftir næstu mánaðamót, og yrði þá unnt að

ljúka þeirri nauðsyn að gefa stefnda kost á að láta staðfesta vætti þetta fyrir dómi.

Umboðsmaður stefnanda lýsti yfir því, að umbjóðendur hans vildu eigi fallast á frekari frest í þessu skyni, enda taldi hann nægan tíma hafa verið til þess að kveðja mann þenna fyrir dóm. Mótmælti hann því frestbeiðninni, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Framangreint vottorð er dagsett 27. marz 1945 og var lagt fram á þæjarþingi 11. maí s. l., og hafði umboðsmaður stefnda þá þegar uppi mótmæli gegn því sem röngu og óstaðfestu. Með skírskotun til þess verður að telja, að frestur hafi verið nægur í máli þessu til þess að afla staðfestingar framangreinds vottorðs, og samkvæmt 110. gr. sbr. 111. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber því að synja um hinn umbeðna frest.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Föstudaginn 26. október 1945.

Nr. 68/1945. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Guttormur Erlendsson)

gegn

Guðmundi Egilssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi.

Umbúnaður sá, sem gerður var til bráðabirgða á ræsi því, er í málinu greinir, var einkum hættulegur fyrir þá sök, að breitt bíl var milli trjáflekanna og alldjúp lægð þar á milli. Stallur nokkur var af veginum upp á flekana, enda var ekki sniðið af endum trjáanna. Var því full nauðsyn til að setja þarna hættumerki og því frekar sem vegur var greiður að ræsinu beggja megin.

Ákærði ók á bíl sínum yfir ræsi þetta, um hálfri klukkustund áður en slysið varð. Átti hann því að geta varazt það,